

Ed. 52. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. desember 1982, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1983“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1984.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendarar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Með lögum nr. 98/1982 var heimild til gjaldtöku þessarar framlengd til ársloka 1983. Forsendur hafa ekki breyst fyrir gjaldtökunni og þykir eigi fært að fella gjaldið niður nú um n. k. áramót.

Nú stendur yfir heildarendurskoðun tollskrárlaga, en þar mun m. a. verða lagt til að felldir verði niður að meginstefnu til tollar og önnur aðflutningsgjöld af hvers konar efnivöru til innlendarar framleiðslu. Verði þær tillögur lögfestar bresta forsendur fyrir gjaldtöku þessari. Því er lagt til með frumvarpi þessu að gjaldtakan verði framlengd til ársloka 1984.